

Verkefni: Stjórnarskiptafundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 24. október 2011.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:35
Fundarstaður: Súfistinn, Hafnarfirði

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	meðstjórnandi	Mætt
Sigurborg Sigurðardóttir (SS)	varaformaður	Mætt
Dagný Þrastardóttir (DÞ)	nýliði í stjórn	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	nýliði í stjórn	Mætt
Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	nýliði í stjórn	Skype
Snæfríð Egilson (SE)	varamaður í stjórn	Fjarverandi
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir (AS)	varamaður í stjórn	Fjarverandi
Anna Guðrún Gylfadóttir (AGG)	varamaður í stjórn	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Formleg stjórnarskipti**

Aðalheiður Gunnarsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til stjórnarskiptafundar Gígunnar. Nýjar konur voru boðnar velkomnar til starfa. Nýja stjórnin skipti með sér verkum. Anna Laxdal Þórólfsdóttir verður formaður Gígunnar. Anna Inga Grímsdóttir, Sigurborg Sigurðardóttir og Aðalheiður Gunnarsdóttir fara úr stjórn og inn koma Dagný Þrastardóttir sem meðstjórnandi, Ragnheiður Helgadóttir sem gjaldkeri og Þórhildur Kristjánsdóttir sem varaformaður. Steiney Halldórsdóttir verður áfram ritari. Aðalheiður Gunnarsdóttir ætlar að vera AL innan handar og sjá um heimasíðu Gígunnar. Öll fundarboð og allar fundargerðir verða sendar á varamenn og stjórn Gígunnar. Ritari mun senda allar fundargerðir til stjórnar til yfirlestrar/samþykktar áður en þeim er komið fyrir inni á vefsetrið. Skoðunarmenn reikninga verða áfram Inga J. Arnar og Margrét Hreinsdóttir.

Aðalstjórn Gígunnar næsta starfsár.

Anna Laxdal Þórólfsdóttir Kvk Reykjavíkur formaður
Þórhildur Kristjánsdóttir Kvk Hornafjarðar varaformaður
Steiney Halldórsdóttir Kvk Hafnarfjarðar ritari
Ragnheiður Helgadóttir Kvk Hafnarfjarðar gjaldkeri
Dagný Þrastardóttir Kvk Ísafjarðar meðstjórnandi

Varastjórn Gígunnar næsta starfsár.

Snæfríð Egilson, Kvk Akureyrar
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir, Kvk Akureyrar
Anna Guðrún Gylfadóttir, Kvk Ísafjarðar

2. Skipulag tölvupósts Gígunnar

AG ætlar að taka að sér að vera vefstjóri Gígunnar og mun Heiða Gunnarsdóttir aðstoða hana við vefinn. AG kemur öllum upplýsingum áfram sem koma frá aðildarkórnum og setur fréttir inn á vefsetur Gígunnar. AG ætlar að senda formannabréf á formenn kóranna og koma honum síðan á fjölmiðla.

3. Vefsetur Gígunnar.

Heiða Gunnarsdóttir kom á fundinn og kynnti nýrri stjórn tilboð um breytingu á heimasíðunni. Hún fór m.a. á fund hjá aðilunum sem sjá um heimasíðuna. Það þarf að breyta atriðum í tilboðinu og fá aftur tilboð miðað við breytingarnar. Það komu tillögur um að setja m.a. upp dagatal sem myndi rúlla á síðunni, þar sem tónleikar kæmu fram þ.e. dagsetningar og hvaða kórar. Einnig að setja upp sérstaka síðu þar sem kæmi fram útgáfa á öllum diskum sem hafa verið gefnir út af kvennakórnum. Það þarf líka að lagfæra og samræma letur eins og hausa á fundargerðum ofl. Heiða ræddi um að breyta hausnum á síðunni þannig að hægt verði að breyta myndunum án þess að láta aðilana sem sjá um heimasíðuna gera það. Það þarf að passa upp á að fá leyfi til að breyta myndum sem koma frá kórnum ef um fagljósmyndara er að ræða. Breyta þarf texta í að mæla með vefnum.

Áhugi er fyrir því að athuga hvort hægt sé að fá upptöku frá RÚV, sem tekin var við flutning á jólalagi Jóns Ásgeirssonar og fá leyfi til að setja inn á síðuna.

Rætt var um að athuga með Youtube svæði fyrir Gígjuna. AG ætlar að athuga það mál.

4. Lógó.

AL ætlar að vera í sambandi við Grétu í Hvíta húsinu varðandi nýja lógó Gígunnar.

5. Innheimta félagsgjalda 2010-2011

Formönnum allra aðildarkóranna verður sent innheimtubréf á næstunni frá gjaldkera (RH). Þessi bréf þurfa að berast sem fyrst með gjalddaga og senda síðan ítrekun til kóranna ef ekki er búið að greiða á gjalddaga.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:35

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir